



Allsherjarnefnd Alþingis
B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 24. febrúar 2004

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breyting á lögum um lögmenn (463. mál)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 5. febrúar sl., varðandi umsögn um 463. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 77/1998 um lögmenn með síðari breytingum. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólanna (BHM) um þingmálið.


Mennta- og vísindanefnd BHM fjallaði á fundi sínum hinn 5. febrúar sl. um þann þátt málsins er lýtur að a-lið 4. gr. frumvarpsins um rýmkun á þeim hópi sem fullnægir skilyrðum til þess að geta sótt um réttindi til þess að vera héraðsdómslögmaður, sbr. 4. tl. 1. mgr. 6. gr. laga um lögmenn. Að lokinni þeirri umfjöllun telur BHM rétt að leggja til að eftirfarandi texti komi í stað þess texta frumvarpsins er hljóðar svo: „hefur lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla.“

hefur lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi við lagadeild háskóla sem viðurkennd er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla.

Sambærilegar breytingar þarf að mati BHM að gera á öðrum ákvæðum frumvarpsins þar sem í stað háskóla sé rætt um háskóladeild. Með öðrum orðum telur BHM nauðsynlegt að sérlög á borð við lög um lögmenn geri ráð fyrir að hver háskóladeild í viðurkenndum háskóla þurfi engu að síður samþykki Stjórnarráðsins til stofnsetningar og starfrækslu. BHM telur ekki eðlilegt að stofnun, sem hefur fengið viðurkenningu sem háskóli, hafi þar með sjálfkrafa fengið ill-afturkræfan rétt til þess að stofna háskóladeildir af hvaða tagi sem er og brautskrá nemendur með BS-, meistara- og doktorsgráður úr sérhverri grein. Óþarft er að nefna dæmi þessu til stuðnings; auðvelt er að ímynda sér hversu illa sérþekking og fé myndi nýtast ef einhver eða nokkrar af þeim u.þ.b. 10 stofnunum, sem teljast háskólar eða hafa heimild til þess að brautskrá nemendur á háskólastigi, færu t.a.m. að bjóða upp á nám í fleiri greinum en lögfræði og viðskiptafræði – t.d. verkfræði og lækisfræði. Því er nauðsynlegt að mati BHM að breyta einnig lögum nr. 136/1997 um háskóla þannig að áskilið sé samþykki Stjórnarráðsins fyrir hverri háskóladeild og jafnvel háskólaskor sem stofna megi og starfrækja. Fá menntamálanefnd Alþingis og menntamálaráðherra því afrit af umsögn þessari auk dómsmálaráðherra.

BHM tekur ekki afstöðu til annarra efnisatriða frumvarpsins – hvorki þeirra ákvæða 5. og 6. gr. frumvarpsins sem eru augljóslega til þess fallin að takmarka aðgengi að réttindum til þess að vera héraðsdómslögmaður og hæstaréttarlögmaður né þeirra ákvæða 17. gr. frumvarpsins sem geta rýrt réttaröryggi skjólstæðinga lögmanna.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar BHM e.ú.,


Gísli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.

Afrit:
Dómsmálaráðherra.
Menntamálanefnd Alþingis.
Menntamálaráðherra.